

3. fundur
Þróunarsamvinnunefndar á árinu 2020
í Grímsstofu í utanríkisráðuneytinu og í fjarfundaformi mánudaginn 21. nóvember 11:00–12:30

Fundargerð

Mætt:

Valgerður Sverrisdóttir formaður, Steinunn Þóra Árnadóttir (Vinstri hreyfingunni – grænu framboði), Silja Dögg Gunnardóttir (Framsóknarflokki), Anna Elísabet Ólafsdóttir, fulltrúi háskólasamfélagsins, Geir Gunnlaugsson, Háskóla Íslands, Atli Viðar Thorstensen, Rauða krossinum á Íslandi, Ragnar Schram, SOS Barnaþorpum, Ragnar Gunnarsson, Kristniboðssambandinu, Bjarni Gíslason, Hálparstarfi kirkjunnar, Marianna Traustadóttir, ASÍ, og Ólafur Garðar Halldórsson, Samtökum atvinnulífsins.

Fundinn sátu að auki:

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, Diljá Mist Einaradóttir, aðstoðarmaður ráðherra, María Mjöll Jónsdóttir, skrifstofustjóri alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu, Friðrik Jónsson, forstöðumaður GRÓ, Þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu og Erla Hlín Hjálmarsdóttir, deildarstjóri

Fjarverandi voru: Inga Sæland (Flokkur fólksins), Birgir Þórarinnsson (Miðflokkur), Sara Elísa Þórðardóttir (Pírötum), Logi Einarsson (Samfylkingunni), og Vilhjálmur Árnason, (Sjálfstæðisflokkur). Hanna Katrín Friðriksson (Viðreisn) og Erna Reynisdóttir, Barnaheillum, tilkynntu forföll.

Nefndarritari: Erla Hlín Hjálmarsdóttir

Fundur settur kl. 11:04.

1. Fundur settur

Formaður bauð nefndarmenn og fundargesti velkomna á þriðja og síðasta fund þróunarsamvinnunefndar á þessu ári. Formaður þakkaði fundargestum fyrir sveigjanleika vegna breytinga á fundartíma og gaf utanríkisráðherra orðið.

2. Samtal við utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra: áherslur í þróunarsamvinnu á árinu 2021 (11:05-11:40)

Ráðherra lýsti ánægju sinni að sækja þennan síðasta fund nefndarinnar á árinu. Verkefnum er ekki að ljúka, öðru er nær. Ljóst er að beinna og óbeinna áhrifa af COVID-19 gætir áfram á heimsvísu, ekki síst í þróunarríkjum. Fátækt mun aukast, fæðuöryggi og vannæring barna. Þá á almenn heilsugæsla undir högg að sækja og aukning á kynbundnu ofbeldi er mikið áhyggjuefni. Þegar á heildina er litið þykir ljóst að í þróunarríkjum verði óbeinar afleiðingar faraldursins líklega mun umfangsmeiri og langvinnari en beinar heilsufarslegar afleiðingar hans. Ísland hefur brugðist hratt og vel við, bæði í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu, mannúðaraðstoð og í störfum okkar í tvíhliða samstarfslöndum. Alls hefur um 264 milljónum króna verið varið til tvíhliða aðgerða gegn faraldrinum og um 240 milljóna til fjölþjóðlegra aðgerða vegna COVID-19. 550 milljónum er enn fremur heitið í bóluefnasamstarf. Samtals nema því framlög Íslands vegna faraldursins rúmlega milljarði króna.

Samkvæmt fjárlögum hækka framlög til þróunarsamvinnu á næsta ári sem nemur tæpum milljarði og verða um 6,8 milljarðar króna. Hlutfall af vergum þjóðartekjum hækkar því úr þeim 0,30% sem áætlaðar eru á þessu ári, í 0,32%. Stefna Íslands í málaflokknum er sem fyrr grundvöllur fyrir okkar starfi, en nýafstaðin miðannarrýni sýnir að áhersla okkar á að gera starfið árangursmiðaðra, skilvirkara og í takt við bestu starfshætti, hefur borið árangur. Ráðherra þakkaði nefndinni fyrir að funda með DAC og að veita gagnlegt innlegg í rýnina.

Starf Íslands á komandi misserum mun taka mið af heimsfaraldri sem mun hafa gríðarleg áhrif á allt þróunarsamstarf. Samstarf við atvinnulífið, þróunarsamvinna í Vestur-Afríku og loftslagstengd málefni verða meðal mikilvægra áherslusviða.

Ráðherra lagði áherslu á mikilvægi hlutverks einkageirans í framþróun, atvinnusköpun og velsæld ríkja, ekki síst til að tryggja öflugna viðspyrnu í kjölfar heimsfaraldursins. Samstarfssjóður við atvinnulífið er ein leið til að vinna á þessu sviði, en umsóknarfrestur rann út nú á dögum. Áhugi er mikill og hefur fjöldi umsókna rúmlega tvöfaldast frá því síðast var auglýst. Nú er umsóknarferlið rafrænt í gegnum island.is, þjónustugátt hins opinbera. Þjónustuborð Íslandsstofu er einnig að taka á sig mynd en því er ætlað að starfa sem brú milli atvinnulífs og stjórnvalda þar sem fyrirtæki geta leitað sér upplýsinga um möguleika á stuðningi við atvinnuþróunarverkefni í þróunarlöndum og víðar. Þá gegna ráðgjafalistar ráðuneytisins einnig mikilvægu hlutverki við að virkja íslenskt hugvit og reynslu í þágu þróunarsamstarfs. Loks nefndi ráðherra starfsemi GRÓ sem væri nátengt mikilvægi atvinnulífsins í þróunarsamstarfi og lagði áherslu þá fullvissu sína að hefja samstarf við UNESCO væri rétt ákvörðun sem myndi aðstoða við að gera skólana enn markvissari í sínu starfi.

Ráðherra sagði að tvíhliða þróunarsamvinna myndi áfram skipa stóran sess í þróunarsamvinnu Íslands, og lagði áherslu á að auka sveigjanleika í starfi. Tvíhliða samstarfi við Mósambík er að ljúka og eru því tvíhliða samstarfslönd Ísland tvö sem stendur, Malaví og Úganda. Í kjölfar úttekta samráðshóps á vegum ráðuneytisins hefur verið ákveðið að ganga til formlegs samstarfs við Síerra Leóne. Það er lítið land sem er í hópa allra fátækustu ríkja heims og mikil tækifæri eru til staðar til að nýta íslenska sérþekkingu. Ráðherra heimsótti landið sjálfur í fyrra en samstarfið mun byggja á verkefnum sem nú þegar eru til staðar, m.a. eflingu vatnsveitna og hreinlætismála, plast á ströndum og heilbrigði kvenna og stúlkna, ásamt baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Lagt er upp með að ná samlegð með starfi annarra Nordic+ framlagsríkja sem starfa í landinu, bæði hvað varðar verkefni, rekstur og hýsingu.

Þá verður aukin áhersla á loftslagstengd verkefni þar sem sérstaklega verður horft til verkefna á sviði sjálfbærrar orku, landgræðslu og jafnréttismála og loftslagsbreytinga.

Ráðherra undirstrikaði auk þess mikilvægi frjálsra félagasamtaka í þróunarsamvinnu og þakkaði fulltrúum þeirra fyrir framlag til úttekta á stefnumiðum og stjórnsýslulegu fyrirkomulagi samstarfs á því sviði. Á nýju ári mun ráðuneytið fara yfir niðurstöður þessarar óháðu úttekta til að bæta vinnulag og rækta enn betur vinnu og samstarf ráðuneytisins við frjáls félagasamtök. Einnig verður ríkari áhersla lögð á kynningar- og fræðslustarf í slíku samstarfi.

Ráðherra lauk sinni framsögu með því að taka fram að ljóst væri að komandi ár yrði mjög krefjandi og að íslensk stjórnvöld myndu áfram leggja sitt af mörkum í gegnum ólíkar leiðir. Þá væri mikilvægt að upplýsa íslenskan almenning um mikilvægi þróunarsamvinnu, og að nefndin hefði ríku hlutverki að gegna í því samhengi. Nú stendur fyrir dyrum að endurskipa í nefndina og verða erindi send uppúr áramótum. Ráðherra þakkaði öllum nefndarmönnum fyrir gott starf síðustu fjögur árin og sérstaklega formanni fyrir hennar hlut.

Umræður: (11:17)

Valgerður gefur orðið laust og býður fundarmönnum að leggja fram spurningar eða athugasemdir til ráðherra.

Ragnar Schram þakkaði ráðherra fyrir góða samantekt, og benti á að þarna má fagna svo mörgu. Sérstaklega er gaman að sjá að á svona krefjandi tímum fyrir ríkissjóð er gefið er í, í þessum málaflökki. Ragnar vildi spyrja sérstaklega um val á Síerra Leóne sem samstarfslands og aðkomu nefndarinnar, þar sem nefndin á að vera til ráðleggingar.

Ráðherra þakkar fyrir hlý orð. Við settum sérstakan hóp á laggirnar sem skoðaði málið með tilliti til þeirra viðmiða sem voru. Síerra Leóne er meðal fátækustu ríkjanna, sem er í samræmi við okkar áherslur að styðja þá fátækustu. Þá er einnig áhersla á réttindi kvenna í víðasta skilningi þess málaflökks. Eins heillandi og gaman er að koma til landsins, þá er áhugavert að sjá hvernig þeir nýta sínar sjávarauðlindir. Þar eru 200 fiskistofnar sem eru nýttir. Ráðherra minnst þess er hann afhenti reykofna til notkunar. 90%

af aflanum var reyktur fyrir borgarastyrjöld, a.m.k. í Líberíu og væntanlega líka í Síerra Leóne. Niðurstaða hópsins kom því ekki á óvart. Ráðherra kallaði eftir sjónarmiði nefndarinnar um þetta val, en hann telur sjálfur að þetta falli vel að okkar áherslum og að Ísland geti mikið lagt af mörkum. Síerra Leóne væri mjög gott viðtökuland fyrir okkar þekkingu og reynslu.

Ragnar tekur fram að hann geri ekki athugasemd um þetta val en að hann hefði viljað sjá meiri umræðu í nefndinni. Formaður bendir einnig á að starf nefndarinnar hefur verið með takmörkuðu sniði á þessu ári vegna faraldursins og því hafi ekki náðst að taka fyrir málefni líkt og í venjulegu árferði.

Atli Viðar þakkaði fyrir mjög góða samantekt og setti fram fyrirspurn um aðkomu og samstarf við atvinnulífið. Er staðan í dag í samræmi við væntingar og hvaða væntingar gera stjórnvöld til þessa samstarfs á komandi árum?

Ráðherra svarar því til að samstarf við atvinnulífið sé mjög rökrétt. Við náum ekki heimsmarkmiðunum nema með aðkomu atvinnulífsins, svo að þetta segir sig sjálft. Einnig varðandi loftslagsmálin, þar höfum við þekkingu að miðla, sem og á sviði sjávarútvegs, og loks á sviði landgræðslu. Hann segir að hann hafi ekki áttað sig á því hvað Ísland hafi mikið fram að færa á því sviði. Að lokum, þá er valdefling kvenna lykilatriði í að byggja upp velsæld samfélaga. Það tekur hins vegar tíma fyrir atvinnulífið að átta sig á þessu og fyrir okkur að byggja upp slíkt samstarf. Ef atvinnulífið er áhugasamt, þá smitar slíkt út frá sér, t.d. með samvinnu við frjáls félagasamtök og aðra aðila. Jafnframt er þetta liður í því að glæða áhuga meðal almennings um málaflokkinn.

Við förum til Norðurlandanna og byggjum á reynslu þeirra á að vinna með atvinnulífið. Nú er þekkingin orðin miklu meiri og áhuginn jafnframt mun meiri. Og þá erum við komin að vandamálunum, og það er hvernig við getum aflað samstarfsaðila í þróunarlöndum. Í sjóðnum, þá hafa bæði smá fyrirtæki og stærri sýnt áhuga. Hins vegar er það að byggja upp net samstarfsaðila mikil vinna og erfitt í framkvæmd. Það sem hefur gerst nú í COVID-19 er að samvinna meðal Norðurlandanna hefur eflst mikið, sem við getum áfram byggt á. Við höfum nú þegar greiðan aðgang að sjóðum Norðurlandanna og er Þjónustuborðið einnig gríðarlega mikilvægt í þessu samhengi. Við höfum náð miklum árangri, en eigum enn langt í land.

Geir Gunnlaugsson tekur undir með öðrum nefndarmönnum um gott og greinargott yfirlit yfir stöðuna. Ánægjulegt að það eigi að blása til sóknar. Hann þakkar einnig starfsfólki ráðuneytisins sem er að leggja sitt af mörkum með góðri vinnu. Hann hefur áhuga á að vita hvort að það er einhver umræða um notkun héraðsnálgunar og vísar í því samhengi til farsællar framkvæmdar í Úganda og Malaví, og spyr hvaða hugmyndir eru um notkun héraðsnálgunar í Síerra Leóne. Hann telur fá verkefni sem séu meira valdeflandi en að styðja við mæður og fjölskyldur til að vaxa og dafna. Þá spyr hann hvort að ætlunin sé að opna sendiráð, og hvernig samstarfið við Síerra Leóne sé hugsað.

Ráðherra þakkar fyrir hlý orð og er sammála um allt sem Geir hafði til málanna að leggja. Héraðsnálgunin hefur gefist vel, og svarið er já, að hún verður nýtt. Þegar kemur að sendiráði, þá vill ráðherra koma því á framfæri að hann sé á þeirri skoðun að rétt sé að yfirbygging verði eins hófleg og hægt er. Það sé skynsamlegt, a.m.k. til að byrja með að starfa með þeim löndum sem við erum í samvinnu með, sem eru í Nordic + landahópnum, Bretlandi og Írlandi. Stóra myndin er sú að landið uppfyllir öll þau viðmið sem við setjum, og það sem gengur vel annars staðar, eins og héraðsnálgunin, að við munum byggja á því. Hann vill enn fremur taka fram að þó hann hafi nefnt tiltekna þætti í framkvæmd í framsögu sinni á fundinum, þá sé það ekki full útlistun á starfi Íslands í Síerra Leóne.

Geir vill bæta því við að það sé mikilvægt að halda á lofti og hlúa að því grunnstarfi sem Ísland hefur komið að, líkt og í Malaví. Það er mikilvægt að vita að við getum byggt á því og hann fagnar því að það sé á borðinu að það eigi að móta starfið í Síerra Leóne með sambærilegum hætti. Loks bendir hann á að nefndin getur komið að því að móta áherslur fyrir starfið.

Anna Elísabet þakkar fyrir inngang ráðherra og tekur undir þakkir annarra. Hún vill sérstaklega fagna aukningu til málaflokksins á komandi ári. Varðandi Síerra Leóne þá tekur hún fram að nefndin hafi ekki fjallað mikið um það málefni, en það breytir ekki því að ákvörðunin virðist vera góð. Hún hefur komið til landsins, aðstæður eru mjög erfiðar og margir sem eiga um sárt að binda vegna langvinnis borgarastríðs. Hún vísar til frásagnar ráðherra á reykingu á fiski og starfi Íslands í sjávarútvegi en bendir

einnig á að nefndin fékk ágætis kynningu á verkefninu frá starfsfólki ráðuneytisins. Þó er í þessu samhengi líka mikilvægt að gleyma ekki hollustu, en að snæða reyktan mat sé ekki mjög hollt. Frysting sjávarafurða er annar kostur en það kostar raforku, sem oft er ekki til staðar. Hún bendir á möguleika þess að fara í samvinnu við Landbúnaðarháskólann á sviði vistræktar, sem er mjög áhugavert svið. Að lokum þakkar hún sérstaklega starfsfólki ráðuneytisins sem vinnur vel og færir nefndinni góð gögn.

Ráðherra svarar því til að það komi honum ekki á óvart að starfsfólkið fái hrós, enda vinnur það af alúð. Varðandi samráð, þá getum við farið nánar í saumana á því sem við höfum verið að gera í Síerra Leóne. Ráðherra kveðst einnig vera sammála með reykofnana, en þegar staðan í landinu er svona, þá er þetta vissulega skref til framfara. Þarna er náttúrulega sólarorka til staðar, en annar lærdómur sem ráðherra dró af ferð sinni til Síerra Leóne er að það er auðveldara um að tala en í að komast. Þau búa að þessari stórkostlegu náttúruauðlind sem auðlindir hafsins eru, og í raun synd að reyking sé nýtt í svona miklum mæli. Önnur verkefni eru einnig áhugaverð og margt í gangi. Sem dæmi væri gagnlegt fyrir nefndina að fá kynningu á baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi og öðru sem við ætlum að halda áfram að vinna að.

Formaður fær orðið og leggur áherslu á að nefndarmenn séu allir ánægðir með að verið sé að bæta í fyrir þróunarsamvinnu á næsta ári.

Umræðum og spurningum til ráðherra var þar með lokið.

Kynning á GRÓ (11:40-12:11)

Valgerður kynnr þar næst forstöðumann GRÓ. Hinir fjóru skólar Háskóla Sameinuðu þjóðanna á Íslandi voru settir undir þessa nýju einingu sem tók til starfa í byrjun ársins. Þetta hefur þýtt heilmiklar breytingar, þar sem GRÓ starfar nú undir merkjum UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Nefndin hefur fengið að fylgjast með í aðdraganda breytinganna á síðasta ári en hefur enn ekki haft tækifæri til að heyra um starfið hjá GRÓ.

Forstöðumaður GRÓ, þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu, kynnti starfið en GRÓ var stofnsett í kjölfar úttektar. Hann bendir enn fremur á að Anna Elísabet sem situr fundinn sé í stjórn GRÓ og hafi lengri reynslu af starfinu. Hann tók við stöðunni í byrjun október, en GRÓ er svokölluð ráðuneytisstofnun. Eitt helsta hlutverk hennar er að passa uppá að það þróunarfé sem sett er í skólana, sé sannanlega nýtt til þróunarsamvinnu og sé rekjanlegt. Starfið er skilgreint sem svokölluð bundin þróunarsamvinna þar sem meginþorri útgjaldanna er hér á landi og því verðum við að geta staðið fyrir okkar máli varðandi það hvernig það fjármagn er nýtt.

Ein helsta breytingin er einnig sú að við förum að starfa með UNESCO í stað Háskóla Sameinuðu þjóðanna. Það hefur verið eilítið til trafala að við höfum ekki getað hitt okkar samstarfsaðila í París vegna faraldursins. Við erum hins vegar heppin að vera með fulltrúa okkar þar innanhúss, Ástu Magnúsdóttur, fyrrverandi ráðuneytisstjóra í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Unnið hefur verið að gerð nýrra hýsisamninga við innlendar stofnanir á þessu ári. Þar er markað hvernig starfinu eigi að vera háttað og fastari rammi og umgjörð sett miðað við það sem áður var gert. Það má segja að hugsunin hafi áður verið sú að fjármagni var veitt til verkefnanna í heild sinni. Það er hins vegar einfaldlega ekki fullnægjandi í núverandi fjármálaumhverfi. Við þurfum að geta staðið skil á nýtingu fjármuna, bæði gagnvart fjármálaráðuneytinu, gagnvart UNESCO og þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC). Samningar hafa verið gerðar við flesta aðilanna. Samið var við Landbúnaðarháskólann vegna Landgræðsluskólans. Fyrir Sjávarútvegsskólann er áframhaldandi samningur við Hafrannsóknarstofnun og Jafnréttiskólinn verður áfram hjá Háskóla Íslands. Innri endurskoðun á öllum skólunum lauk á síðasta ári. Þar kom fram að það voru ákveðnir þættir sem ekki voru nægilega skýrir og hefur verið unnið með skólunum að úrbótum.

Jarðhitaskólinn er má segja flaggskipið í þessu starfi. Þar er byggt á yfir 40 ára samstarfi við Orkustofnun, en ráðuneytið er nú að ganga frá hýsisamningi við Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR). Þegar ÍSOR var skilið frá Orkustofnun á sínum tíma var umræða um hvort skólinn ætti að fylgja með. Við höfum verið að semja við ÍSOR og vonandi lýkur því ferli mjög fljótlega.

Í stuttu máli má segja að starfið á árinu hafi verið í ákveðnu uppnámi vegna faraldursins. Eini skólinn sem gat haldið úti starfi á árinu var Jafnréttisskólinn en jafnvel þar voru vandræði við að koma mörgum nemendum heim. Sumir voru hér sumarlangt og þar með bætti smávegis í kostnað. Landgræðslu-, Sjávarútvegs- og Jarðhitaskólinn þurftu allir að fresta sínu skólalaldi á árinu og erum við því langt frá því að fullnýta okkar framlög á þessu ári. Áætlanagerð fyrir næsta ár liggur að mestu leyti fyrir. Þrír skólar af fjórum munu færa mest af sínum námskeiðum fram á næsta haust. Þó er Landgræðsluskólinn bundinn við að nýta íslenska sumarið til kennslu og vonandi verður hægt að hefja starf hans með vorinu.

Það sem er e.t.v. mikilvægast er að viðbrögðin frá nemendum eru mjög góð og ljóst að námið nýtist þeim vel. Því er skoðað nú hvort hægt er að bæta í umfang og starf skólanna. Það mikilvægasta í starfi GRÓ er hins vegar nú til að byrja með að móta starfinu skýrari ramma, og tilgangurinn er m.a. að skoða hvernig hægt er að bæta í varðandi starf skólanna. Í framhaldinu verður kröftum einnig beint að því að vinna sameiginlega stefnumótunarvinnu fyrir skólana fjóra.

Umræður:

Formaður tekur undir það að mikil óvissa hafi verið í þróunarsamvinnu á árinu, sem hafi endurspeglast í starfi skólanna og opnar fyrir umræður og spurningar.

Geir Gunnlaugsson leggur fram tvær spurningar. Í fyrsta lagi spyr hann hvers konar stofnanaeining ÍSOR sé, er það einkafyrirtæki, opinbert hlutafélag eða hvað? Í öðru lagi spyr hann hvernig starf skólanna sé hugsað, og tekur fram að hann spyr þar sem hann situr í nefndinni sem fulltrúi háskólasamfélagsins. Honum leikur því forvitni á að vita hvort að skólarnir muni færast frá háskólasamfélaginu að einhverju leyti? Eitt af því sem háskólasamfélagið hefur hugsað er hvort að hægt sé að efla flæði inn í háskólana svo hægt sé að efla háskólastarf í samhengi við skólana, en starf GRÓ er mikilvægt að þessu leyti.

Forstöðumaður svarar því til að ÍSOR sé í B-hluta ríkisreiknings. Það sé því ríkisfyrirtæki sem starfi fyrir sjálfsaflafé og fái því ekki framlög frá ríkissjóði. Hins vegar er ÍSOR jafnframt skilgreint í lögum og reglugerðum með hlutverk til að sinna einmitt svona starfi. Að því leyti passar hlutverk ÍSOR mjög vel við starf Jarðhitaskólans. Forstöðumaður skólans var í leyfi hjá ÍSOR, en hann flyst nú aftur til ÍSOR þegar gerð samnings um hýsistofnun er lokið. Það ætti að gera þessa breytingu auðveldari.

Varðandi tengsl við háskólasamfélagið, þá var til skoðunar að fara í samstarf við HÍ, meðal annarra, en þetta var lendingin. Þegar hýsisamningar eru gerðir, þá er skilyrði að stofnanir sem fá hýsisamning rækti samstarf við háskólasamfélagið. Við höfum skilning á því að áhyggjur séu til staðar að sú tengist slitni eða sé ekki nýtt sem skyldi, en gerum okkar besta til að rækta slíkt samstarf.

Geir nefnir enn fremur að eitt af því sem er gegnumgangandi er svokallað „twinning“ samstarf. Verið er að vinna starf við að tengja aðila, byggja upp netverk fyrrverandi nemenda (alumni samstarf) og annað. Honum hefur sýnst að það sé þó meira bundið við einstaklinga heldur en stofnanir. Er verið að efna til samstarfs við stofnanir að einhverju leyti og hvernig mun GRÓ vinna með þær hugmyndir?

Forstöðumaður nefnir að það sé m.a. unnið að slíku, sem verði nánar útfært í stefnumótun á komandi mánuðum.

Anna Elísabet vill bæta aðeins við þessa umræðu. Eftir innri endurskoðun hefur bókhald skólanna verið samræmt og farið vel yfir umsýslugjald, sem var ansi breiður skali sem nú er búið að skilgreina betur og þrengja. Með tilkomu GRÓ er nú bara enn betur farið með íslenskt þróunarfé sem er af hinu góða og nú er mun skýrari rammi kominn um starf skólanna og mikið af tækifærum framundan. Enn er tenging við Sameinuðu þjóðirnar og hún tekur fram að henni lítist vel á þær breytingar sem hafi verið gerðar. Hún bendir einnig á að það sé mikilvægt að þeir sem sjái um þjálfun hér á Íslandi hafi góða innsýn inn í hagnýta þjálfun, en þá er gott að hafa stofnanir sem vinna á vettvangi. Sterk tenging er enn fremur við háskólana enda eru nemendur ekki bara að fara í diplómanám, heldur eru margir að fara í meistara- og doktorsnám.

Atli Viðar fær orðið og segir frá starfi Rauði krossins. Þar hefur verið unnið að því að tengja saman kenningu við framkvæmd (theory-to-praxis). Í síðustu viku var gengið frá nýju samkomulagi við Jafnréttisskólann um aukið samstarf um að opna verkefni Rauða krossins fyrir þá nemendur sem eru að koma inn. Það má líta á þetta sem tækifæri fyrir félagasamtökin til að starfa á þessum grunni.

Geir Gunnlaugsson spyr um þann skala á umsýslugjaldi sem áður var um rætt, og vildi kanna hvort hægt væri að fá ítarlegri lýsingu á því um hvað væri að ræða?

Forstöðumaður svarar því til að þessi þáttur feli í sér umsýslu hýsistofnunar vegna starfs skólanna, sem sé t.d. húsnæði, tölvukostnaður og almenn umsýsla. Nú sé verið að fara í saumana á þessum kostnaði og gera grein fyrir honum. Áherslan hefur verið mjög rekstrarleg á undanförunum mánuðum en nú verður meira rými til að gera meiri stefnumótunarvinnu, skoða nýjar áherslur og samstarfsmöguleika. Hann leggur áherslu á að þegar við erum með þessa bundnu þróunarsamvinnu, þá verði allt að vera upp á punkt. Það er því á ábyrgð GRÓ sem verkkaupa að skilgreina í hvað má nota fjármunina. Það hefur vantað uppá að ramminn væri skýr en hann vill taka fram að það hefur enginn verið að misnota fé, en að verðum ætíð að geta skýrt til fullnustu í hvað fjármunirnir eru nýttir.

Geir telur að það sé örugglega hægt að læra á þessu ferli. Í þróunarsamvinnunefnd hefur verið fjallað um málefni skólanna á mjúkum nótum í eitt, tvö, þrjú ár. Þetta eru peningar sem falla undir íslenska þróunarsamvinnu og vísar hann einnig fjáruhláta vegna flóttamanna á Íslandi sem mikilvægt sé að hafa eftirlit með. Það er því sérstök ástæða til að fagna þessari vinnu og óskar hann GRÓ velfarnaðar í þessu ferli þar sem eftirlit er svo mikilvægt.

Formaður lýsir því yfir að það virðist allt vera að færast til betri vegar og Anna Elísabet vill að lokum taka fram að ekki hefur einhver óráðsía verið í gangi, en að það hafi skort skýran ramma, sem sé nú að færast til betri vegar.

3. Aðgerðaáætlun í þróunarsamvinnu 2019-2020 (12:11-12:28)

Deildarstjóri kynnti uppkast að aðgerðaáætlun í þróunarsamvinnu 2019-2020 og sýndi stöðutöku á glærum sem verður deilt með nefndarmönnum. Þann 2. maí 2018 samþykkti Alþingi þingsályktun nr. 26/149 um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019–2023. Með stjórnartillögu var í fylgiskjali I lögð fram aðgerðaáætlun 2019-2020 í þróunarsamvinnu sem er aðgengileg á [vef Alþingis](#). Þar er greint frá markmiðum, væntanlegum niðurstöðum og aðgerðum. Lagt er mat á 42 atriði sem sérstaklega eru tiltekin í aðgerðaáætlun 2019-2020. Af þeim hefur:

- 21 aðgerðir verið lokið
- 14 hafa hafist eða eru langt komnar á veg
- 3 aðgerðir eru ekki hafnar eða komnar á veg
- 4 sem enn á eftir að leggja mat á

Settar voru fram aðgerðir innan tíu málaflokka: mannréttinda, jafnréttismála, umhverfis- og loftslagsmála, viðskiptamála, atvinnulífsins, félagasamtaka, framtíðarfyrirkomulags HSP, kynningar- og fræðslumála, gagnsæis og samhæfingar, og úttekta og árangurs. Deildarstjóri fjallaði stuttlega um stöðu aðgerða undir þessum flokkum. Enn á eftir að fá stöðutöku hjá viðskiptaskrifstofu UTN fyrir aðgerðir sem tengjast viðskiptamálum, en tekið var fram að þessi stöðutaka er enn sem komið er, uppkast, og er því ekki að fullu lokið. Nú er unnið að aðgerðaáætlun fyrir næstu tvö ár sem verður vonandi kynnt fyrir nefndinni snemma á komandi ári.

Nefndarmaður spyr um árangursmælikvarða fyrir starfið, þetta sé stöðutaka fyrir sértækar aðgerðir en lýsi ekki hvernig Íslandi hafi gengið að ná markmiðum sínum við að berjast við fátækt í veröldinni. Deildarstjóri svarar því til að slíkt sé hluti af árangursstjórnun ráðuneytisins sem sé enn í vinnslu. Í tvíhliða starfi sé starfað eftir settum árangursviðmiðum og bendir á [nýlega úttekt á](#)

[byggðapróunarverkefni Íslands í Malaví](#), þar sem árangursviðmið í starfinu eru sett fram. Ráðgert er að nefndin fái ítarlegri kynningu á starfinu þar fyrri hluta árs 2021. Hins vegar sé enn verið að vinna að heildrænni árangursstjórnun þar sem árangursviðmið eru sett fram fyrir allt starfið, sem sé enn sem komið er, einungis komið til framkvæmda að hluta.

4. Aðrir liðir (12:28-12:30)

Formaður þakkar nefndarmönnum fyrir gott samstarf á undanförunum fjórum árum, allir hafa sýnt mikla þolinmæði og verið ákaflega fús til samstarfs. Hún þakkar jafnframt frábæru starfsfólki í utanríkisráðuneyti. Einhvern tímann verði allir hlutir að enda og er nú komið að lokum formennsku hjá henni.

Steinunn Þóra þakkar Valgerði fyrir samstarfið og óskar henni velfarnaðar í hverju því sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún þakkar jafnframt fyrir fundinn og samtalið sem hefur verið mjög gagnlegt og fróðlegt. Ragnar Gunnarsson tekur undir þessi ágætu orð, enda höfum við verið lengi í þessum bransa. Það hefur verið ánægjulegt að starfa með Valgerði og hefur verið gott að fylgjast með góðri þróun innan málaflokksins. Ólafur tekur undir með öðrum og þakkar fyrir samstarfið. Hann gerir ráð fyrir að halda áfram í nefndinni að öllu óbreyttu og tekur fram að Valgerður hefur stýrt nefndinni með sóma.

Marianna vill að fyrstu einnig þakka fyrir góðan og fróðlegan fund. Hún er í því verkefni að yfirfæra þekkingu innan ASÍ, því að hún er að hætta störfum þar sem hún er komin á svona virðulegan aldur og aðrir munu taka við. Hún vill einnig þakka Valgerði fyrir skelegga stjórnun síðustu fjögur ár. Að lokum vill hún taka fram, í ljósi þess að hún var að taka saman gögn varðandi nefndina að hún hefur verið viðloðandi stjórnar- og nefndarsetur fyrir þróunarsamvinnu allt síðan 1991/1992 í alls konar formi. Hún hefur setið síðustu fjögur árin fyrir hönd ASÍ. Hún hefur því fylgst með þessari þróun, telur að vinnan sé komin í mjög faglegt form, og að flottur hópur fólks starfi innan ráðuneytisins.

Geir vill enn fremur nýta tækifærið og þakka fyrir samstarfið, sem hefur verið mjög lærdómsríkt. Það hefur verið gott að fylgjast með þeim öru breytingum sem hafa orðið. Hann þakkar enn fremur fyrir góða fundarstjórn. Ef nefndin á að leggja eitthvað vitrænt til málanna, þá þarf hins vegar að setja fjármuni í þetta starf. Þetta eru mjög mikilvæg mál sem verið er að vinna með, það að lesa skýrslur og afla sér nauðsynlegrar þekkingar sé gríðarlega umfangsmikið verkefni. Það mun vera viðfangsefni nýrrar þróunarsamvinnunefndar að taka afstöðu til.

Fleiri nefndarmenn senda Valgerði þakkir og góðar kveðjur í gegnum spjallþráð fundarins og tölvupósta.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið 12:38.